FRÉTTABLAÐIÐ

Atvinnublaðið

Mest lesna atvinnublað Íslands*

Sölufulltrúar: Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is 550 5625, Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is 550 5621

*Neyslukönnun Gallups 2018, allt land, 18-80 ára

job

Sky Lagoon leitar að metnaðarfullum og ráðagóðum einstaklingum í eftirfarandi stöður:

- **Sölustjóri**
- **Markaðsfulltrúi**

Nánari upplýsingar eru að finna á skylagoon.is undir vertu memm.

Sky Lagoon is looking for ambitious and solution-oriented people for the following positions:

- **Sales Manager**
- **Marketing Coordinator**

Further infomation can be found at skylagoon.is under vertu memm.

SKY LAGOON

BY PURSUIT

MOSFELLSBÆR

Verkefnastjóri skipulagsmála

Verkefnastjóri hjá Embætti skipulagsfulltrúa á umhverfissviði

Mosfellsbær er sveitarfélag í örum vexti og undanfarin ár hefur uppbygging verið mikil og fólksfjölgun í samræmi við það. Áform eru um frekari framkvæmdir innan sveitarfélagsins í takt við þéttingu höfuðborgarinnar í heild. Umhverfissvið vinnur að metnaðarfullum verkefnum til að gera Mosfellsbæ áfram að spennandi búsetukosti og er nú unnið að fjölbreyttu lóðaframboði með gerð nýrra deiliskipulaga. Sveitarfélagið er einnig með í undirbúningi endurskoðun aðalskipulags sem kallar á innleiðingu Borgarlínunnar, Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, nýrra minjaskráninga, flokkunar landbúnaðarlands, frumdragavinnu samgöngumannvirkja sem og fleiri áætlana í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins. Á sviðinu starfar fjölbreyttur hópur einstaklinga með ólíka sérfræðikunnáttu.

Verkefnastjóri starfar undir stjórn skipulagsfulltrúa og framkvæmdastjóra umhverfissviðs og vinnur með þeim að ýmsum verkefnum málaflokksins. Verkefnastjóri tekur þátt í störfum skipulagsnefndar og fundarhaldi. Hann hefur umsjón með skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu og formlegu afgreiðsluferli skipulagstillagna. Hann sinnir ráðgjöf varðandi skipulags- og byggingartengd málefni og samskiptum við viðskiptavini sveitarfélagsins. Verkefnastjóri kemur að stofnun lóða, yfirferð lóðablaða og gerð lóðaleigusamninga.

Sækja skal um starfið á ráðningarvef Mosfellsbæjar, www.mos.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Nám sem samsvarar meistaragráðu á háskólastigi er skilyrði (skipulagsfræðingur, arkitekt, landslagsarkitekt eða sambærilegt).
- Verkefnastjóri þarf að hafa þekkingu á sviði skipulagsmála.
- Haldbær þekking og reynsla á lagaumhverfi skipulagsmála er kostur.
- Reynsla af opinberri stjórnsýslu er kostur.
- Frumkvæði, nákvæmni, skipulagsfærni og metnaður.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og hröð úrlausn verkefna er nauðsynleg.
- Góðir samskiptahæfileikar og hæfni til að tjá sig í rituðu og töluðu máli er nauðsynleg.
- Haldbær reynsla og þekking á verkefnastjórnun og teymisvinnu.
- Góð tölvukunnátta og þekking á teikniforritum sem og öðrum forrit sem notuð eru við skipulagsvinnu er æskileg.
- Góð íslenskukunnátta er skilyrði, færni í erlendum tungumálum er kostur.

Mosfellsbær er öflugt og eftirsótt sveitarfélag þar sem gildin virðing, jákvæðni, framsækni og umhyggja eru leiðarljós starfsmanna í daglegu starfi.

Umsóknarfrestur er til og með 3. október 2021.

Umsóknir skulu innihalda starfsferilsskrá og kynningarbréf sem greinir frá reynslu, menntun og fyrri störfum ásamt rökstuðningi fyrir hæfni í starfið. Nánari upplýsingar um starfið er að finna á ráðningarvef Mosfellsbæjar en auk þess veitir Jóhanna B. Hansen framkvæmdarstjóri umhverfissviðs og Kristinn Pálsson, skipulagsfulltrúi upplýsingar í síma 525 6700. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Ráðið er í öll störf óháð kyni.

Þverholti 2 | 270 Mosfellsbær | Sími 525 6700 | mos.is

ESA | EFTA Surveillance Authority

Legal Officer

Internal Market Affairs
Financial Services

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Role Description

ESA is recruiting a legal officer to join its Internal Market Affairs Directorate, who will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law relating to Financial Services in the participating EFTA States (Iceland, Liechtenstein and Norway).

In the area of financial services, ESA has certain decision-making powers towards national supervisory authorities and market operators (including credit institutions, insurance companies and investment firms) established in the EEA-EFTA States. The powers to adopt binding decisions correspond to powers with the European Supervisory Authorities, EBA, EIOPA and ESMA in the EU.

We are looking for an experienced candidate with a minimum of 5 years' working experience and solid knowledge of regulatory and/or supervisory work in the financial services field in the public and/or private sector. The successful candidate will be expected to follow and participate in the work of the European Supervisory Authorities at board level, and engage in close, regular co-operation with those Authorities. A certain share of the financial services cases involves Norway and entails large amounts of documentation in the Norwegian language. As such, we are looking for lawyers with experience of the language, legal system, economy and national administration of Norway.

Other tasks include examination of complaints, legal conformity assessments, and drafting of decisions, opinions and reports. Depending on workload and other developments, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law.

Job Reference: 17/2021 - Deadline for applications: midnight CET Sunday 3 October 2021 - Start date: As soon as possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

---

prentmet
HRAÐI - GÆÐI - ÞJÓNUSTA

STARFSFÓLK ÓSKAST

Prentmet Oddi óskar eftir tveimur starfsmönnum í 100% starf.

Vélamanni í umbúðadeild

Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu á að stjórna vélum í framleiðslufyrirtæki.

Aðstoðarmanni í bókband og umbúðadeild

Starfið er aðalega fólgið í að aðstoða við bókbandsvélar og umbúðavélar.

Við leitum eftir handlögnum, reyklausum og heilsuhraustum einstaklingum. Kostur er að þeir hafi unnið í prentsmiðju eða framleiðslufyrirtæki.

Vinnutíminn er frá 8:00-16:00 og til 15:30 á föstudögum. Möguleiki er á aukavinnu.

Nánari upplýsingar um starfið veitir framkvæmdastjóri mannauðsmála í **isi@prentmetoddi.is**, s. **856 0601** og **https://prentmetoddi.is/um-okkur/atvinnuumsokn/**.

Umsóknarfrestur er til 30. september n.k.

Prentmet Oddi er stærsta og framsæknasta prentsmiðja landsins sem býður upp á heildarlausnir og hágæða prentun þar sem hraði, gæði og persónuleg þjónusta fara vel saman í framleiðslunni. Fyrirtækið er Svansvottað og framleiðir pappírsumbúðir, bækur og allt almennt prentverk. Lögð er ík áhersla á að starfsfólki líði vel á vinnustað.

Umbúðir · Almenn prentun · Bækur · Límmiðar · Umhverfisvottuð prentsmiðja

Prentmet er framsækin prentsmiðja með höfuðstöðvar
að Lynghálsi 1 í Reykjavík og útibú á Akureyri og Selfossi

Slökkviliðsstjóri

GRINDAVÍKURBÆR

Grindavíkurbær leitar að metnaðarfullum einstaklingi í framtíðarstöðu slökkviliðsstjóra Grindavíkurbæjar. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á rekstri og starfsemi slökkviliðs Grindavíkur og að unnið sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Mikil áhersla er lögð á áreiðanlega þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri og stjórnun slökkviliðs
- Ábyrgð á faglegri starfsemi, menntun og þjálfun slökkviliðsmanna
- Stjórn slökkvistarfs við eldsvoða og á vettvangi mengunaróhappa á landi
- Eldvarnareftirlit, skipulag, úttektir, umsagnir og eftirfylgni
- Umsjón með öllum tækjum slökkviliðs og ábyrgð á virkni þeirra
- Áætlanagerð og stefnumótun
- Samskipti við íbúa, fyrirtæki og aðra hagsmunaaðila
- Situr í almannavarnanefnd

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding sem slökkviliðsmaður sbr. 17. gr. laga nr. 75/2000 og að lágmarki eins árs reynsla í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður
- Menntun sem nýtist í starfi
- Menntun til eldvarnareftirlits er kostur
- Stjórnunarreynsla og þekking á rekstri
- Þekking á yfirferð og eftirliti tækja og búnaðar æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Geta til að vinna undir miklu álagi
- Leiðtogafærni, þjónustulund og góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Áhugi og vilji til þess að tileinka sér nýjungar í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Vegna eðli starfs og viðbragðs utan dagvinnutíma er æskilegt að viðkomandi sé búsettur í Grindavík eða innan 15 mínútna akstursfjarlægðar

Grindavík er vinalegur 3600 manna sjávarútvegsbær á suðvesturhorni landsins. Í bænum eru leik-, grunn- og tónlistarskólar ásamt öflugu íþrótta- og tómstundastarfi.

Sjávarútvegur og fiskvinnsla hefur verið burðarás atvinnulífs í Grindavík og er bærinn ein öflugasta verstöð landsins.

Í Grindavík er einnig öflug ferðaþjónusta, mörg veitingahús, gistihús, hótel og fjögurra stjörnu tjaldsvæði, góð útisundlaug með heitum pottum, heilsuræktarmiðstöð, verslanir, banki og öll nauðsynleg þjónusta.

Nánari upplýsingar má finna á: **www.grindavik.is**

Umsókn gildir í 6 mánuði frá dagsetningu auglýsingar. Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með **4. október 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og henni þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda sem nýtist í starfi. Einnig skal fylgja afrit af leyfisbréfi og prófskírteini. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið veita Thelma Kristín Kvaran (thelma@intellecta.is) og Hafdís Ósk Pétursdóttir (hafdis@intellecta.is) í síma 511 1225.

intellecta
Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir

Framkvæmdastjóri fjármálasviðs

ORKUBÚ VESTFJARÐA

Orkubú Vestfjarða ohf. býr að áratuga reynslu við virkjun vatnsafls og jarðhita og dreifingu og sölu raforku. Fyrirtækið á og rekur orkuver og raforkustöðvar til raforkuframleiðslu, ásamt nauðsynlegum mannvirkjum til raforkuflutnings og raforkudreifingar, jarðvarmavirki og fjarvarmakyndistöðvar ásamt nauðsynlegu dreifikerfi.

Fyrirtækið var stofnað þann 26. ágúst 1977 og var þá sameignarfélag sveitarfélaga á Vestfjörðum og ríkisins. Fyrirtækið hóf formlega starfsemi þann 1. janúar 1978. Orkubú Vestfjarða ohf. var stofnað á grundvelli laga sem samþykkt voru á Alþingi 2001.

Frá árinu 2002 hefur Orkubú Vestfjarða ohf. verið að fullu í eigu ríkisins.

Orkubú Vestfjarða ohf. óskar eftir að ráða starfsmann í stöðu framkvæmdastjóra fjármálasviðs. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf og stýrir viðkomandi fjármálasviði fyrirtækisins. Starfsstöð er á Ísafirði.

Starfssvið:

- Umsjón og ábyrgð á daglegri fjármála- og skrifstofustjórn.
- Umsjón með gerð og framsetningu fjármálalegra stjórnendaupplýsinga.
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana.
- Árshlutauppgjör og gerð ársreiknings.
- Samningagerð.
- Ábyrgð á gagnaskilum vegna rekstrar.
- Samskipti við fjármálastofnanir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði viðskipta og rekstrar, meistarapróf er æskilegt.
- Haldgóð reynsla af fjármálastjórn.
- Reynsla og þekking af gerð árs- og/eða árshlutauppgjöra og reikningshaldi.
- Stjórnunarreynsla og leiðtogahæfni.
- Reynsla af greiningarvinnu og framsetningu fjármálaupplýsinga.
- Framúrskarandi samskiptahæfni, sjálfstæði og ögun í vinnubrögðum.
- Frumkvæði og fagmennska.
- Góð tölvufærni og kunnátta er skilyrði.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um færni viðkomandi til að gegna starfinu og upplýsingar um árangur sem viðkomandi hefur náð og telur að nýtist í starfi.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsóknarfrestur er til og með 20. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

Sérfræðingur í vinnumarkaðsmálum og upplýsingatækni

SAMEYKI
STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Sameyki er stærsta stéttarfélagið innan BSRB og leggur áherslu á fagmennsku við gerð kjarasamninga og framúrskarandi þjónustu við félagsmenn. Enn fremur leggur félagið áherslu á ábyrgan rekstur, sterkan og framsækinn hóp starfsmanna, góða vinnuaðstöðu, uppbyggilega mannauðsstjórnun, og sterka og samheldna starfsmannaheild. Markmið félagsins er einnig að tileinka sér notadrjúgar tæknilausnir í rekstri, tryggja skýra yfirsýn yfir hagþróun og vinna með bestu launagögn og upplýsingar á hverjum tíma. Nánari upplýsingar um félagið er að finna á sameyki.is.

Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu óskar eftir að ráða hagfræðing/sérfræðing til starfa til að sinna fjölbreyttum verkefnum m.a. við greiningar um þróun efnahagsmála, framsetningu upplýsinga og verkefnastjórnun yfir fjárhags- og upplýsingakerfum félagsins.

Viðkomandi starfar þvert á deildir félagsins og næsti yfirmaður er skrifstofustjóri. Viðkomandi starfar náið með formanni og öðru starfsfólki Sameykis m.a. við þróun tækni og gagnavinnslu fyrir þá kjarasamninga sem félagið gerir.

Starfssvið:

- Ábyrgð á upplýsingakerfum Sameykis, samþættingu þeirra og virkni.
- Greining á vinnumarkaðsmálum, þróun efnahagsmála og launaþróun.
- Umsjón með launatölfræði, framsetning talnaefnis, greininga og skýrslugerð.
- Gerð sjálfstæðra úttekta um hagfræðileg málefni.
- Fræðsla tengd kjarasamningum.
- Aðstoð og ráðgjöf við samninganefndir félagsins við gerð kjarasamninga.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í hagfræði, verkfræði eða skyldum greinum. Meistarapróf er kostur.
- Marktæk reynsla af hagfræðistörfum / sem nýtist í starfinu.
- Áhugi og góð þekking á upplýsingatæknimálum þ.m.t. þekking á gagnagrunnum og samvirkni ólíkra kerfa.
- Góð greiningarhæfni og gott vald á úrvinnslu og framsetningu tölulegra upplýsinga.
- Þekking og reynsla af málefnum stéttarfélaga og vinnumarkaðsmálum er kostur.
- Lipurð og lausnamiðuð framganga í samskiptum og samvinnu.
- Færni til að vinna í hópi og hæfni til að leiða mál til lykta.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Við hvetjum áhugasama til að sækja um, óháð kyni og uppruna.

Umsókn skal fylgja ferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur um hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknarfrestur er til og með 27. september nk.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.vinnvinn.is**.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur@vinnvinn.is) og Hildur Jóna Ragnarsdóttir (hildur@vinnvinn.is) hjá Vinnvinn.

vinnvinn
RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

FORSTÖÐUMAÐUR SÖLUDEILDAR INNFLUTNINGS

Öflugur leiðtogi í alþjóðlegu umhverfi

Eimskip auglýsir eftir öflugum leiðtoga til að gegna starfi forstöðumanns söludeildar innflutnings. Söludeild innflutnings er hluti af sölu- og viðskiptastýringarsviði Eimskips sem ber ábyrgð á sölustarfsemi félagsins fyrir inn- og útflutning. Leitað er af stjórnanda með sterk tengsl við íslenskt atvinnulíf til að leiða teymi í framlínusveit félagsins sem heldur utan um viðskiptasambönd við marga af stærstu viðskiptavinum Eimskips.

Helstu verkefni

- Dagleg stjórnun og rekstur
- Ábyrgð á starfsemi og fjárreiðum innflutningsdeildar
- Eftirfylgni með stefnu og markmiðum sviðsins
- Ábyrgð á áætlanagerð og mánaðarlegum uppgjörum innflutningsdeildar
- Ábyrgð á tengslum við stærstu viðskiptavini félagsins
- Tryggja öfluga liðsheild og drifkraft innan deildarinnar
- Samvinna og samskipti við aðrar einingar innan félagsins

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Víðtæk stjórnunarreynsla
- Reynsla af rekstri eininga eða deilda
- Góð enskukunnátta er skilyrði og dönskukunnátta er kostur
- Leiðtogahæfni og alþjóðleg reynsla er kostur
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Sjálfstæði, frumkvæði og lausnamiðuð hugsun

Nánari upplýsingar um starfið veitir Björn Einarsson, framkvæmdastjóri sölu- og viðskiptastýringarsviðs, bje@eimskip.com. Tekið á móti umsóknum í gegnum vefsíðu Eimskips.

Umsóknarfrestur er til og með 26. september. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál. Hreint sakavottorð er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.

Eimskip er leiðandi flutningafyrirtæki á Norður-Atlantshafi með tengingar á alþjóðlega markaði og sérhæfingu í flutningsmiðlun um allan heim. Hjá Eimskip starfar úrvalshópur starfsmanna í fjölbreyttum störfum. Lögð er áhersla á jöfn tækifæri í heilbrigðu starfsumhverfi þar sem verkefnamiðað vinnurými skipar stóran sess.

EIMSKIP

DEILDARSTJÓRI VERKSTÆÐIS

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) óskar eftir að ráða deildarstjóra verkstæðis. SHS sinnir slökkvi- og björgunarstarfi og sjúkraflutningum á höfuðborgarsvæðinu, ásamt ýmsum störfum sem þessu tengjast. Starfsstöðvar okkar eru fjórar og er verkstæðið staðsett í Skógarhlíð. Starfið heyrir undir varaslökkviliðsstjóra. Um er að ræða 100% starf, viðkomandi þarf jafnframt að vera reiðubúin/n að sinna tilfallandi útköllum utan dagvinnutíma.

Helstu verkefni:

» Almennur rekstur og starfsmannahald á verkstæði
» Umsjón með bilanagreiningum og viðgerðum á bifreiðum og öðrum búnaði
» Fyrirbyggjandi eftirlit, viðhalds- og viðgerðarvinna
» Samskipti við starfsfólk SHS vegna eftirlits og viðhalds alls kyns búnaðar
» Samskipti við birgja og þjónustuaðila
» Fræðsla til starfsfólks SHS um bifreiðar og búnað
» Lagerhald á rekstrarvörum, varahlutum o.fl.
» Ýmis þjónusta við starfsstöðvar SHS

Hæfniskröfur:

» Bifvélavirki, meistararéttindi kostur
» Reynsla af rekstri og mannaforráðum kostur
» Reynsla af viðgerðum
» Aukin ökuréttindi æskileg
» Góð samstarfs- og samskiptahæfni
» Sjálfstæði og frumkvæði í vinnubrögðum
» Góð íslensku- og enskukunnátta
» Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri á **birgirf@shs.is** eða í síma **528-3000**.
Umsókn ásamt ferilskrá berist á netfangið **starf@shs.is**. Hvetjum alla áhugasama einstaklinga til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins | Skógarhlíð 14 | S: 528 3000 | www.shs.is

Össur is looking for strong leaders and developers to join our Bionics Department in Research & Development (R&D)

- **Technology manager** to lead the software development projects for the Bionics product line
- **Embedded programmer** working within a group that is focusing on development of various modules for the Bionics product line
- **Embedded programmer** focusing on Bionic product function and performance

The Bionic team is responsible for developing microprocessor controlled prosthetic knees and ankles, designed to improve people's mobility around the world. The developers are part of an interdisciplinary team within R&D.

Technology Manager – Software Team

ROLE

- Lead development and maintainance of applications for mobile devices
- Lead development and maintainance for support software systems
- Requirement analysis with internal and external stakeholders
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards
- Lead future vision for the department

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science, engineering or relevant field
- Minimum of 5 years work experience
- Minimum of 3 years of leading software teams
- Fullstack experience
- Experience in developing cloud solutions
- Experience in IoT solutions is considered a benefit
- Experience in medical device development is considered a benefit
- Excellent English proficiency

Embedded Programmer – Firmware Team

ROLE

- Development of embedded systems for microprocessor controlled prosthetics
- Develop roadmap for supporting embedded systems
- Requirement analysis with internal and external stakeholders
- Participation in risk management activities
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards
- Define and maintain internal work processes for medical device development according to relevant regulation

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science or Engineering
- Minimum of 5 years of programming experience
- Experience in C and C++
- Experience in real time systems
- Experience in FPGA is considered a benefit
- Experience in medical device development is considered a benefit
- Excellent English proficiency

Embedded Programmer – Applications Team

ROLE

- Development of microprocessor controlled prosthetics
- Embedded programming
- Signal analysis and processing
- Development of suitable testing tools and methods
- Software verification according to international standards

REQUIREMENTS

- MSc degree in Computer Science or Engineering
- Experience in C/C++ programming
- Experience in embedded programming
- Experience in real time systems
- Excellent English proficiency

Application period ends September 27th 2021.

Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.

We urge those interested to apply, regardless of gender and origin.

For further information contact our HR department by calling **515 1300.**

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 3500 employees in 26 countries worldwide.

The core values of the company are **Honesty – Frugality – Courage.**

OSSUR.IS

ÞJÓNUSTU- OG REKSTRARSTJÓRI

Ein af stærri bílaleigum landsins leitar að öflugum þjónustu- og rekstrarstjóra til starfa. Fyrirtækið er rótgróið og í góðum rekstri. Hjá því starfa um 50 manns. Viðkomandi starfsmaður tilheyrir stjórnendateymi fyrirtækisins.

Helstu verkefni og ábyrgð:

Starfið felst m.a. í að hafa umsjón með og yfirsýn yfir þjónustuþætti fyrirtækisins og að þjónustan sé alltaf eins og best verður á kosið, allt frá pöntun að afhendingu. Starf viðkomandi felst í að tryggja að allir starfsmenn vinni saman að því markmiði og starfar viðkomandi náið með flotastjóra fyrirtækisins.

Starfið byggir á miklum samskiptum og því þarf viðkomandi að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfni og geta tjáð sig vel á bæði íslensku og ensku.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Þekking og reynsla af rekstri og þjónustustjórnun
- Mjög góð samskiptahæfni
- Mikil þjónustulund
- Góð tölvukunnátta
- Geta til að fá aðra með sér til góðra verka

FAST Ráðningar

Nánari upplýsingar veitir Lind Einarsdóttir hjá FAST Ráðningum í síma 552-1606 eða í tölvupósti á netfangið, lind@fastradningar.is

Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á vefsíðunni www.fastradningar.is og láta fylgja með ferilskrá og kynningarbréf.

Umsóknarfrestur til og með 26. september nk.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Leikskólastjóri - Rauðaborg

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar auglýsir stöðu leikskólastjóra í Rauðaborg lausa til umsóknar.

Rauðaborg er þriggja deilda leikskóli við Viðarás í Seláshverfi. Leiðarljós skólans eru gleði, virðing og sjálfsefling. Gluggaveggir eru á alla vegu innanhúss og leiksvæðin dreifast um allt húsið þannig að börn og starfsfólk hittast óháð deildum. Leikurinn er kjarninn í uppeldisstarfi Rauðborgar þar sem hlutverk hinna fullorðnu er að hvetja og aðstoða börn til að læra í gegnum leikinn. Unnið er með Blæ, vináttuverkefni Barnaheilla, og námsefnið Lubbi finnur málbein skipar fastan sess. Unnið er markvisst að innleiðingu allra þátta menntastefnu Reykjavíkurborgar og áhersla er lögð á vellíðan, að byggja upp styrk og einbeitingu barnanna. Leikskólinn er staðsettur í næsta nágrenni við fjölbreytt útivistarsvæði og hafa börnin tekið gróðurlund í fóstur sem þau heimsækja reglulega til að læra um náttúruna og njóta hreyfingar og útiveru. Gott samstarf er við foreldra og grenndarsamfélagið.

Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogahæfileikum og er tilbúinn til að leiða áfram gott og metnaðarfullt leikskólastarf í Rauðaborg.

Meginhlutverk leikskólastjóra er að:

- Vera faglegur leiðtogi leikskólans og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Bera ábyrgð á daglegu starfi í leikskólanum.
- Skipuleggja foreldrasamstarf í samvinnu við foreldra og starfsmenn.
- Hafa yfirumsjón með innra mati á starfi leikskólans og umbótaáætlunum.
- Hvetja til þróunar og nýbreytni í leikskólastarfi.
- Stýra rekstri leikskólans á grundvelli fjárhagsáætlunar.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, svo sem ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Skipuleggja tengsl skólans við ýmsa samstarfsaðila.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á leikskólastigi.
- Reynsla af stjórnun æskileg.
- Stjórnunarhæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða.
- Þekking á rekstri, áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.
- Sjálfstæði og frumkvæði.

Í öllu starfi skóla- og frístundasviðs er unnið að innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur, „Látum draumana rætast", þar sem leiðarljósin eru virkni og þátttaka barna, aukið samstarf og fagmennska.

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari og greinargerð um framtíðarsýn umsækjanda á starf í leikskólanum.
Ráðið verður í stöðuna frá 1. janúar 2022. Umsóknarfrestur er til og með 4. október 2021.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála, sími 411 1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Móttökuritari

Tannlæknastofa í Reykjavík óskar eftir móttökuritara í 80-100% starf. Starfssvið er símsvörun, almenn afgreiðsla og ritarastörf. Færni í mannlegum samskiptum, góð íslenskukunnátta í ræðu og riti og góð almenn tölvukunnátta nauðsynleg. Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknir og ferilskrá sendist á netfangið solveig@tannrettingastofan.is fyrir 28. september nk.

Skólabúðirnar Reykjaskóla

Spennandi og skemmtilegt starf.

Óskum eftir kennara/leiðbeinanda við Skólabúðirnar Reykjaskóla.

Áhugavert starf fyrir manneskju sem hefur brennandi áhuga að vinna með börnum og unglingum
Húsnæði á staðnum gegn vægri húsaleigu.

Umsóknir og upplýsingar sendist á karl@skolabudir.is

Verk- eða tæknifræðingur á sviði byggðatækni

- verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit

Verkfræðistofa Reykjavíkur leitar að verkfræðingi eða tæknifræðingi til starfa við verkefnastjórnun og framkvæmdaeftirlit á sviði byggðatækni. Áhugasömum einstaklingi sem býr yfir:

- Menntun á sviði verkfræði eða tæknifræði.
- Starfsreynsla af sambærilegum störfum er æskileg
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.
- Góðri kunnáttu í íslensku og ensku.

Starfið felst m.a. í vinnu við verkefnastjórnun, framkvæmdaeftirlit, áætlanagerð og ráðgjöf við lagningu vega, gatna, stíga og veitukerfa.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á netfangið á vsr@vsr.is

Verkfræðistofa REYKJAVÍKUR

VERKEFNASTJÓRI NÝSKÖPUNAR OG FJÁRFESTINGA Á VESTFJÖRÐUM

Ertu glöggur greinandi sem kemur hlutum í verk?

Viltu hafa áhrif á þróun atvinnulífs á Vestfjörðum?

Vestfjarðastofa óskar eftir að ráða öflugan verkefnastjóra nýsköpunar og fjárfestinga til starfa. Um nýtt og spennandi starf er að ræða sem hefur það að markmiði að auka nýsköpun og fjárfestingar á Vestfjörðum.

Ráðið er í starfið til tveggja ára með möguleika á framlengingu.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2021.
Nánari upplýsingar um starfið eru á www.vestfirdir.is

Vestfjarðastofa er sjálfseignastofnun sem vinnur að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Vestfjörðum og ráðgjöf og þjónustu tengda atvinnu- og byggðaþróun, frumkvöðlastarfsemi og menningu í víðum skilningi.

Markmið Vestfjarðastofu er að efla atvinnulíf á Vestfjörðum, stuðla að velferð íbúa og styrkja Vestfirði sem búsetukost og áfangastað ferðamanna.

Starfinu er hægt að sinna frá öllum starfsstöðvum Vestfjarðastofu.

Vestfjarðastofa

Atvinnueign
Fasteignamiðlun

LÖGGILTUR FASTEIGNASALI

Óskum eftir löggiltum fasteignasala eða nema í löggildinganámi til að annast sölu og leigu fasteigna.

Mikilvægir kostir eru sjálfstæð vinnubrögð, gott frumkvæði, fagmennska og góð þjónustlund.

Nánari upplýsingar veitir

Halldór Már Sverrisson, löggiltur fasteignasali - leigumiðlari, viðskiptafr.
símanúmer: 898 5599 - tölvupóstur: halldor@atvinnueign.is

Atvinnueign ehf - Síðumúla 13 - s: 577 5500 - www.atvinnueign.is

ESA | EFTA Surveillance Authority

Legal Officer
Internal Market Affairs

The EFTA Surveillance Authority (ESA) monitors compliance with the Agreement on the European Economic Area (EEA Agreement) in Iceland, Liechtenstein and Norway, enabling those States to participate in the Internal Market of the European Union.

ESA is an international organisation, independent of the States, which safeguards the rights of individuals and undertakings under the EEA Agreement, ensuring free movement, fair competition and control of state aid. ESA's work helps remove barriers to trade and open up new opportunities to over 450 million Europeans, creating jobs and growth and adding to the international competitiveness of the States.

ESA is based in Brussels. It currently employs staff members of 20 nationalities. ESA is led by a College consisting of three members, each appointed for a period of four years by the three participating EFTA States.

Role Description

ESA is recruiting a legal officer to join its Internal Market Affairs Directorate (IMA).
The successful candidate will be assigned responsibilities for surveillance work in relation to the application of general Internal Market law.

IMA is responsible for monitoring the EEA EFTA States to ensure that they comply with their obligations in the field of internal market law. The successful candidate will be assigned responsibility for general surveillance work and case handling regarding the implementation and application of EEA law. Day to day tasks include the examination of complaints, legal conformity assessments, drafting of decisions, opinions and reports.

For this particular vacancy, we are looking for candidates with experience of dealing with EEA law on the four freedoms. Experience in other areas of EEA law is also desirable. Depending on workload and other requirements, the responsibilities may also cover other general or specific issues relating to EEA law. On an ongoing basis, a significant share of the cases handled by IMA involve Norway. The cases may further involve considerable amounts of documentation in the Norwegian language. As such, we are looking for lawyers with experience within the field of internal market law and knowledge of the language, legal system, economy and national administration of Norway.

Job Reference: 18/2021 - Deadline for applications: midnight CET Sunday 3 October 2021 - Start date: As soon as possible

For full details of this position and to apply, please visit: **https://jobs.eftasurv.int**

Lögfræðingur á sviði upplýsingaréttar



Forsætisráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf lögfræðings á skrifstofu löggjafarmála til að gegna störfum ritara úrskurðarnefndar um upplýsingamál.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Ritaraþjónusta úrskurðarnefndar um upplýsingamál.
- Umsýsla í kringum nefndina, birting úrskurða o.fl.
- Að semja drög að úrskurðum í kærumálum.
- Umsjón með málaskrá nefndarinnar og störfum starfsnema.
- Samskipti við málsaðila og opinbera aðila sem í hlut eiga.
- Gerð árlegrar skýrslu um framkvæmd upplýsingalaga.
- Önnur verkefni á málefnasviðum skrifstofunnar samkvæmt ákvörðun skrifstofustjóra hverju sinni.

Hæfniskröfur
- Fullnaðarpróf í lögfræði með embættisprófi eða grunn- og meistaraprófi.
- Góð kunnátta í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti.
- Sveigjanleiki, samstarfshæfni, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Framúrskarandi vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Þekking og starfsreynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er æskileg.
- Reynsla af ritun úrskurða í kærumálum er æskileg.
- Góð kunnátta í a.m.k. einu öðru Norðurlandamáli er æskileg.

Starfið heyrir undir skrifstofu löggjafarmála sem meðal annars hefur með höndum gæðaeftirlit með stjórnarfrumvörpum og stjórnartillögum, ábyrgð á undirbúningi og eftirfylgni með þingmálaskrá ríkisstjórnar, umsjón með endurskoðun stjórnarskrár í samræmi við áherslur forsætisráðherra hverju sinni, ábyrgð á stefnumótun varðandi stjórnsýslulög og upplýsingalög, mótun siðareglna og eftirfylgni með þeim ásamt því að sinna lögfræðilegri ráðgjöf til forsætisráðherra og annarra skrifstofa ráðuneytisins. Jafnframt annast skrifstofan ritaraþjónustu fyrir úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins hafa gert. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Einstaklingar eru hvattir til að sækja um starfið óháð kyni. Með umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðum umsóknar og hvernig umsækjandi uppfyllir hæfniskröfur.
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá birtingu auglýsingar, sbr. reglur um auglýsingar lausra starfa nr. 1000/2019.

Starfshlutfall er 100%.
Umsóknarfrestur er til og með 21. september 2021. Sótt er um starfið á Starfatorgi.

Nánari upplýsingar veitir Hafdís Ólafsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu löggjafarmála, hafdis.olafsdottir@for.is

Stjórnarráð Íslands
Forsætisráðuneytið

HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

Yfirhjúkrunarfræðingur svæðis á Heilsugæsluna á Akureyri

Heilbrigðisstofnun Norðurlands Akureyri auglýsir laust starf yfirhjúkrunarfræðings svæðis á Heilsugæslunni á Akureyri.

Yfirhjúkrunarfræðingur ber faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð.
Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri hjúkrunar.

Leitað er að áhugasömum einstaklingi til að taka þátt í áframhaldandi þróun og uppbyggingu heilsugæsluþjónustu til framtíðar í samræmi við stefnu HSN.

Starfshlutfall er 100% og veitist starfið frá 1. október 2021 eða eftir samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Fagleg og stjórnunarleg ábyrgð á hjúkrunarþjónustu sem veitt er á heilsugæslustöðinni og stoðstarfsemi hennar, samkvæmt skipuriti
- Þátttaka í klínísku starfi
- Staðarumsjón
- Tekur þátt í gerð áætlana varðandi rekstur og tryggir að rekstur og starfsmannamál séu í samræmi við fjárhagsáætlun
- Tekur þátt í þverfaglegu samstarfi, þróun þjónustu og stjórnun verkefna á starfsstöðinni og þvert á stofnun
- Hefur umsjón með starfsemi heilsugæslustöðvarinnar samkvæmt skipuriti ásamt yfirlæknum
- Stuðlar að góðri vinnustaðamenningu

Hæfniskröfur
- Íslenskt hjúkrunarleyfi og a.m.k. 5 ára starfsreynsla við hjúkrun
- Reynsla af heilsugæsluhjúkrun er æskileg
- Viðbótarmenntun á sviði heilbrigðisvísinda, viðskiptafræði eða stjórnunar kostur
- Farsæl stjórnunarreynsla og góð samskiptafærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð tölvukunnátta

Frekari upplýsingar um starfið
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga hafa gert.
Með umsókn skal fylgja afrit af prófskírteini og íslenskt hjúkrunarleyfi. Umsókn fylgi jafnframt starfsferilskrá og upplýsingar um nám og fyrri störf. Umsækjendur eru auk þess beðnir um að skila kynningarbréfi með rökstuðningi fyrir hæfi og sýn á starfið.

Nánari upplýsingar veita Guðný Friðriksdóttir - gudnyf@hsn.is - 860 7750 og Kristjana E Guðlaugsdóttir - kristjanag@hsn.is

Umsóknarfrestur er til og með 27.09.2021
Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar www.hsn.is og einnig á starfatorg.is.

ALÞINGI

Ræstitæknir

óskast á skrifstofu Alþingis.
Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

Canada

COMMON SERVICES ASSISTANT

The Embassy of Canada in Reykjavik seeks to hire an eligible candidate for the designated position as above.

Closing date for applications is 27 September 2021

Further details and link to apply:

www.canadainternational.gc.ca/iceland-islande/
Our Office
Job Opportunities

GTS ehf

Bifreiðastjórar óskast

Óskum eftir bílstjórum út frá Selfossi.

Hæfniskröfur:
- Rútupróf
- Stundvísi
- Þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta skilyrði og enskukunnátta æskileg.

Umsóknir sendist á gts@gts.is

GTS ehf er rótgróið ferðaþjónustu fyrirtæki sem var stofnað 1969. Við erum að leita að metnaðarfullu og hressu starfsfólki sem hefur áhuga á að vinna með okkur.

Viltu taka þátt í að koma í veg fyrir einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum?

Vinnueftirlitið auglýsir eftir að ráða öflugan verkefnisstjóra til a.m.k. tveggja ára til að leiða þróun á nýrri vefsíðu fyrir félagslegt vinnuumhverfi með áherslu á forvarnir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Verkefnið er liður í að fylgja eftir tillögum aðgerðarhóps félags- og barnamálaráðherra í kjölfar #MeToo-hreyfingarinnar sem hófst árið 2017. Um er að ræða spennandi og framsækið verkefni sem felur í sér einstakt tækifæri til að hafa áhrif á vellíðan starfsfólks á innlendum vinnumarkaði.

Næsti yfirmaður er sviðsstjóri heilsu- og umhverfissviðs Vinnueftirlitsins en viðkomandi mun vinna í nánu samstarfi við þverfaglegt teymi sérfræðinga og hagsmunaaðila á vinnumarkaði.

Möguleikar á starfsstöð eru í Reykjavík, Akureyri eða Egilsstöðum.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð:
- Leiða þróun og uppsetningu á nýrri vefsíðu fyrir félagslegt vinnuumhverfi
- Þróa árangursríkar leiðir til forvarna til að styðja við heilbrigða fyrirtækjamenningu
- Hanna gagnvirk greiningartæki og fræðsluefni til stuðnings við félagslegt áhættumat
- Halda utan um samstarfsverkefni og samráðshópa tengda verkefninu
